

2023-2024

# Starfsáætlun Heilsuleikskólans Króks



Hulda Jóhannsdóttir skólastjóri

## Efisyfirlit

Inngangur .....	2
Stefna skólans .....	3
Stefnukort .....	3
Skorkort.....	4
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Nemendur .....	6
Samsetning nemendahópsins .....	6
Starfsfólk .....	7
Samsetning starfsmannahópsins .....	7
Fagmenntun .....	7
Starfsmannahald .....	7
Fáliðunarstefna – Álagsmat .....	9
Skóladagatal.....	9
Starfsþróun .....	10
Áherslur og markmið .....	11
Endurmat frá síðasta skólaári .....	11
Áherslur næsta skólaárs.....	12
Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.....	12
Innra mat.....	12
Ytra mat.....	15
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024.....	17
Matsáætlun 2021-2025.....	18
Foreldrasamvinna .....	20
Helstu áherslur og markmið í foreldrasamstarfi.....	20
Foreldraráð .....	20
Samstarf leik- og grunnskóla Brúum bilið .....	20
Sérkennsla .....	21
Lokaorð .....	22

## Inngangur

Í starfsáætlun Heilsuleikskólans Króks er gert endurmat á síðasta skólaári og dregin fram stefna og þau verkefni sem áætlað er að framkvæma á þessu skólaári. Hún byggir á innra mati skólans, umbótaáætlun ásamt þróunar- og nýbreytniverkefnum og því sem ráðgert er að framkvæma á þessu skólaári. Í starfsáætluninni má einnig finna ýmsar hagnýtar og tölulegar upplýsingar ásamt starfsþróunaráætlun, umbótaáætlunum, þróun og nýbreytni. Starfsþróun er beintengd við Stefnu- og skorkort skólans með það að markmiði að gera starfsfólk betur meðvitað um stefnu skólans og að viðhalda henni.


Verkefni skólaársins 2023-2024 einkennast eins og oft áður af því að horfa inn á við, bæta það starf sem þarf samkvæmt niðurstöðum úr mati síðasta árs og þróa áfram það sem vel gengur. Teymi skólans munu framkvæma og halda utan um umbóta-, þróunar- og nýbreytniverkefni. Aðalverkefnið verður að gera endurmat á námskrá skólans og verður unnið að því með öllum starfsmannahópnum.

Skólinn tekur þátt í tveimur stórum þróunarverkefnum, annað í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um að „þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra um uppeldi barna í samræmi við þær áherslur sem birtast í farsældarlögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna“ (úr upplýsingum um verkefnið fá háskólunum). Hitt verkefnið er um „Innleiðingu hugmynda lærdómssamfélags í skólasamfélagið með áherslu á faglega teymisvinnu“ (úr þróunaráætlun verkefnisins) sem unnið hefur verið að í 2 ár með góðum árangri. Það verkefni er 3ja ára þróunarverkefni sem er styrkt af Sprotasjóði í verkefnisstjórn Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri.

## Stefna skólans

Stefna skólans er sett fram með stefnumiðuðu árangursmati (e. balanced scorecard) sem sýnir á myndrænan hátt stefnu skólans (e. strategy map) og skorkort (e. skorcard) og tengjast skólanámskrá. Stefnukort sýnir á myndrænan hátt stefnu skólans í fjórum áherslupáttum og er hverjum og einum skipt niður í fjóra áherslupætti. Þessir þættir eru **skólasamfélagið** þar sem leitast er við að skapa lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og eru virkir þátttakendur; **starfshætti** þar sem skólastarfið er markað í fjóra aðal stefnupætti skólans, þ.e. stefna í *heilsuefningu, samskiptum, leik og námi* og *umhverfismennt*; **fjármál** sem lúta að ábyrgri áætlunargerð og nýtingu fjármuna og að síðustu **mannauð** þar sem markmiðið er að skapa starfsumhverfi í þróun þar sem gleði ríkir og hver og einn fær notið sín. Teymi eru fyrir hvern stefnupátt og sjá þau um að framkvæma, þróa og bæta markmið og stefnu skólans. Áherslupættirnir skarast þar sem þeir hafa áhrif á hvorn annan.

### Stefnukort



## Skorkort

Stefna skólans er mörkuð með skorkorti þar sem sett eru fram markmið fyrir hvern stefnuþátt. Teymi eru fyrir hvern stefnuþátt og sjá þau um að framkvæma, þróa og bæta markmið og stefnu skólans.

SKÓLASAMFÉLAGIÐ	
Að skapa lærdómsríkt skólasamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir	
Metnaðarfullt námsumhverfi	<ul style="list-style-type: none"><li>Að skapa námsumhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að eiga samskipti, rannsaka og læra upp á eigin spýtur með leiðbeiningu kennara</li><li>Viðhalda markmiðum í Aðalnámskrá og skólanámskrá Króks með reglulegri fræðslu</li><li>Stuðla að lærdómssamfélagi sem einkennist af samvinnu, samábyrgð og sameiginlegri sýn</li><li>Framkvæma reglulega gæðamat til að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér</li><li>Efla tengsl og samvinnu milli skólastiga og skapa samfellu í námi</li></ul>
Sjálfsörugg og glöð börn	<ul style="list-style-type: none"><li>Stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum með jákvæðum viðhorfum og virðingu með áherslu á samkennd, vellíðan og sterka sjálfmynd</li><li>Stuðla að jafnrétti og lýðræði með því að allir njóti jafns réttar og fái tækifæri til að taka virkan þátt í starfinu</li><li>Leikskólastarfið endurspeglar fjölmenningslegt samfélag</li><li>Að börnin njóti öryggis og verndar á meðan leikskóladvöl þeirra stendur</li></ul>
Ánægðir foreldrar	<ul style="list-style-type: none"><li>Viðhafa jákvæð samskipti með virku samstarfi og upplýsingaflæði</li><li>Stuðla að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem vellíðan og velferð barnsins eru höfð að leiðarljósi</li></ul>

FJÁRMÁL OG ÁÆTLANIR	
Að tryggja ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns	
Ábyrg og gegnsæ áætlunargerð	<ul style="list-style-type: none"><li>Mánaðarleg uppfærsla á Karellen</li><li>Gera álagsmat ársfjórðungslega</li><li>Skráning á innkaupum til að auðvelda áætlunargerð</li></ul>
Samábyrgð á nýtingu fjármuna	<ul style="list-style-type: none"><li>Nýta vel fjármuni og eigur skólans</li><li>Leita tilboða eins og kostur er</li><li>Nýta leikefni úr endurnýtanlegum efnivið</li><li>Gera við það sem bilar og farga og afskrá það sem er ónýtt</li><li>Viðhalda þekkingu starfsfólks á nýtingu og endurvinnsluferli með það að markmiði að nýta alla hluti vel</li><li>Auka kostnaðarvitund starfsfólks</li><li>Viðhalda virkri viðverustefnu</li></ul>

## STARFSHÆTTIR

Að stuðla að metnaðarfullum og lærdómsríkum starfsháttum í skólanum

Heilsuefandi samfélag	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skapa heilsuefandi samfélag þar sem lagður er grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og vellíðan</li> <li>Auka gleði og vellíðan með áherslu á næringu, hreyfingu, lífsleikni og sköpun</li> <li>Venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti</li> <li>Gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra</li> </ul>
Jákvæð og uppbyggjandi samskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að því að börn og starfsfólk temji sér rósemd hugans og umhyggjusöm samskipti</li> <li>Stuðla að jákvæðum viðhorfum og virðingu með áherslu á samkennd, vellíðan og sterka sjálfsmynd</li> <li>Skapa jákvæðan skólabrag sem einkennist af gleði, trausti og umhyggju</li> </ul>
Leikur og nám	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styðja við frjálsan leik í flæði sem náms- og þroskaleik barna</li> <li>Stuðla að sjálfsprottni sköpun í gegnum leik með fjölbreyttum efniviði</li> <li>Efla mál- og læsisþroska með því að auka orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu</li> <li>Stuðla að þátttöku í að móta og njóta fjölbreyttrar menningar og lista</li> <li>Kynnast eigin samfélagi með viðburðum og heimsóknum í stofnanir bæjarins</li> <li>Efla rök- og stærðfræðihugsun og ýta undir formskynjun og vísindaáhuga</li> </ul>
Umhverfis-mennt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að efla umhverfisvitund og styrkja menntun til sjálfbærni</li> <li>Stuðla að sjálfbæru samfélagi þar sem ábyrgð er tekin á umgengni við umhverfi og náttúru</li> <li>Stuðla að því að börnin læri að njóta náttúrunnar</li> </ul>

## MANNAUÐUR

Að stuðla að starfsánægju, starfsþróun og samstarfi

Starfsánægja	<ul style="list-style-type: none"> <li>Viðhafa jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir</li> <li>Skapa heilsusamlegan vinnustað með góðum starfsaðstæðum og vinnuumhverfi</li> <li>Hvetja til heilsusamlegra og náttúruvænna ákvarðana</li> <li>Stuðla að öflugum samstarfi og umburðarlyndi milli aðila og hópa</li> <li>Starfsmenn njóti öryggis, góðs aðbúnaðar og heilsuverndar á vinnustað</li> <li>Auðvelda aðlögun nýliða með vel skipulagðri móttökuáætlun</li> <li>Veita starfsfólki stuðning og endurgjöf í starfi</li> </ul>
Starfsþróun Skóli sem lærir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að faglegri samræðu um stefnu og starfshætti skólans</li> <li>Þjóða upp á metnaðarfulla símenntun í formi fyrirlestra, námskeiða, leikskólaheimsókna og hópavinnu á kennarafundum og skipulagsdögum</li> <li>Hvetja starfsfólk til að sækja námskeið utan áætlunar um símenntun</li> <li>Stuðla að því að kennarar ræki faglegar skyldur sínar gagnvart eigin starfsþróun samkvæmt lögum, kjarasamningum og Aðalnámskrá leikskóla</li> </ul>
Dreifð stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að þátttöku allra í framkvæmd og þróun starfshátta skólans með teymisvinnu</li> <li>Nýta hæfileika hvers og eins með því að dreifa verkefnum og ábyrgð á milli starfsfólks</li> </ul>

## Hagnýtar upplýsingar

Leikskólinn Krókur, sem er samningsrekin skóli af Skólum ehf með þjónustusamningi við Grindavíkurbæ hóf starfsemi sína í febrúar 2001. Í skólanum eru 5 leikstofur, alrými þar sem eru matsalur, hreyfisalur og leiksvæði, þrír fataklefar, starfsmannaáðstaða, eldhús og ýmis fjölnota rými s.s. undirbúnings-, funda og sérkennslurými. Heildarrými skólans er 734 m<sup>2</sup> og er leikrými 467 m<sup>2</sup>. Lóð skólans er 3740 m<sup>2</sup>. Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu.



Í skólanum eru börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára og er aldurskipting þannig að tveir yngstu árgangarnir eru á tveimur aldursblönduðum deildum og þrír elstu árgangarnir eru aldurskiptir. Boðið er upp á 4-8 tíma vistun og að kaupa 15 mínútur fyrir og yfir umsamdan vistunartíma. Opnunartími er 07:45-16:15 og er sumarlokun í fjórar vikur í júlí – ágúst hvert ár.

### Nemendur

Markmið skólastarfsins er að skapa námsumhverfi sem einkennist af umhyggju og trausti þar sem börn finna fyrir öryggi og vellíðan í dagsins önn. Lögð er áhersla á nám í gegnum sjálfsprottin leik og skipulagt starf sem hentar aldri þeirra og þroska.

### Samsetning nemendahópsins

Ráðgert er að taka inn 106 börn þetta skólaár en ekki næst að fylla skólann í upphafi skólaárs þar sem börn á biðlistanum hafa ekki náð tilskildum aldri þannig að 104 börn verða í skólum frá 1. október. 15 nemendur eru af erlendum uppruna frá 6 þjóðlöndum, sem er um 15,3%. Fjöldi barngilda verða 133,6 og dvalargildi 1069,98. 89 nemendur verða í 8-8,5 klst. skólavistun, eða um 90%, eingöngu 3 börn eru í minna en sjö tíma vistun. Það er svipað og í fyrra sem sýnir að stytting vinnuviku er ekki að hafa áhrif á dvalartíma barna í leikskóla.



## Starfsfólk

Markmið starfsmannahópsins er að byggja upp öflugt lærdómssamfélag og jákvæða skólamenningu sem einkennist af umhyggjusömu samfélagi þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verðum við betur í stakk búin að leysa verkefni og nýta okkur nám og reynslu sem við öðlumst á uppbyggilegan hátt.

## Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildaheimildir í byrjun skólaárs eru 29,80 samkvæmt útreikningum úr Karellen, en við skólann starfa 33 starfsmenn í 30,22 stöðugildum. Grunnstöðugildi í uppeldi og menntun verða 16,72. S nokkur stöðugleiki er í starfsmannahaldi en tveir starfsmenn hafa hætt störfum. 15 starfsmenn hafa 10-20 ára starfsreynslu við skólann, meðalaldur starfsfólks 40 ár.

## Fagmenntun


Skólinn er áfram vel mannaður af fagfólki, bæði leikskólakennurum og öðru uppeldis og/eða kennaramenntuðu fólki. 11 kennarar eru menntaðir í leikskólafræðum fyrir utan skólastjóra (einn kemur úr foreldraorlofi í janúar), einn er íprótttafræðingur, einn með B.S. í félagsráðgjöf, einn þroskaþjálfari og sjö leikskólaliðar (einn kemur úr foreldraorlofi í janúar). Níu kennarar hafa leyfisbréf kennara sem gera 41%, en í *Lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla (2008)* kveður á um að 66% af þeim sem starfa við uppeldi og menntun eigi að vera kennaramenntaðir. Fjórir starfsmenn eru í námi í leikskólakennarafræðum, tveir í M.Ed. námi og tveir byrjuðu í fagháskólanámi í haust.

## Starfsmannahald

Nafn	Starfs- hlutfall	Starfssvið	Menntun	Starfs- reynsla
Hulda Jóhannsdóttir	100	Skólastjóri	Dipl.Ed í stjórnun menntastofnana	23 ár
Bylgja Kristín Héðinsdóttir	100	Aðstoðarskólastjóri/kennari	B.A. leikskólakennari	23 ár
Björg Guðmundsd. Hammer	75	Sérkennslustjóri	B.Ed. leikskólak. + M.Ed. í sérkennslu	22 ár
Herdís Gunnlaugsdóttir	100	Deildarstjóri	M.Ed. leikskólakennari	14 ár
Ingigerður Gísladóttir	87,5	Deildarstjóri	B.Ed. leikskólakennari	21 ár
Sigríður Gerða Guðlaugsd.	90	Deildarstjóri	B.Ed. leikskólakennari	22 ár
Dagmar Lilja Marteinsdóttir	100	Deildarstjóri	B.Ed. leikskólakennari	5 ár
Helga Rut Hallgrímsdóttir	90	Deildarstjóri	B.Ed. leikskólakennari	3 ár
Kristín Guðmundsd. Hammer		Í for.orlofi, kemur 1.jan.'24	B.Ed. leikskólakennari	14 ár
Ólafía Ingvarsdóttir	100	Kennari	M.Ed. leikskólakennari	2 ár
Agnes Birtna Jóhannesdóttir	100	Kennari/stuðningsfulltrúi	B.Ed. leikskólakennari	4 ár
Kristín Karlsdóttir	100	Ípróttakennari	B.S. í íprótttafræðum	3 ár
Kristbjörg Unnur Sigurvinsdóttir	90	Kennari	Aðst.leiksk.ken. og nemi í leikskólafræðum	4 ár
Belinda Berg Jónsdóttir	100	Kennari	B.A í félagsráðgjöf	1 ár
Evelyn Adolfsdóttir	100	Þroskaþjálfari	B.A. þroskaþjálfari	7 ár
Signý Ósk Ólafsdóttir	75	Leikskólaliði/stuðningsfulltrúi	Leikskólaliði og nemi í leikskólafræðum	15 ár
Elín Ósk Einarsdóttir	87,5	Leikskólaliði/stuðningsfulltrúi	Leikskólaliði og nemi í leikskólafræðum	6 ár



Ágústa Jóna Heiðdal	100	Leikskólaliði	Leikskólaliði	12 ár
Kristrún Ingaóttir	80	Leikskólaliði	Leikskólaliði	6 ár
Valgerður Jennýjardóttir	100	Leikskólaliði	Leikskólaliði	17 ár
Sigríður Reynisdóttir	100	Leikskólaliði	Leikskólaliði	4 ár
<b>Marín Ósk Hlynisdóttir</b>	<b>0</b>	Leikskólaliði. For.orlofi til 1.jan.	<b>Leikskólaliði</b>	<b>2 ár</b>
Marta Liliana Giesta Da Silva	100	Leiðbeinandi	Stúdentspróf	1 ár
Herborg Agnes Jóhannesdóttir	100	Leiðbeinandi	Stúdentspróf	3 ár
Diljá Sif Erlendsdóttir	87,5	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	4 ár
Sigríður Loftsdóttir	80	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	17 ár
Steinunn Erna Otterstedt	90	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	15 ár
Ella Björk Einarsdóttir	80	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	19 ár
Halla Steina Káradóttir	80	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	6 ár
Rakel Einarsdóttir	90	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	8 ár
Ingibjörg Óladóttir	80	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	19 ár
Birgitta Ýr Unnarsdóttir	100	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	0
Sigrún Eva Gerðardóttir	100	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf	0
Sigrún Ólöf Snorraddóttir	87,5	Matráður	Sjúkraliði	3 ár
Ellen María Arngrímsdóttir	87,5	Matráður	Grunnskólapróf	5 ár
Pormar Helgi Ingimarsson	50	Aðstoð í eldhúsi	Grunnskólapróf	14 ár
Dagmar Valsdóttir	0	Lausráðin	Nemi í leikskólakennarafræðum	



## Fáliðunarstefna – Álagsmat

Í fáliðunarstefnu skólaskrifstofu og leikskólanna eru vinnureglur eða viðmið vegna fáliðunar (of fáir kennarar miðað við fjölda barna) sem stefnt gæti öryggi barna í hættu í leikskólum Grindavíkurbæjar. Í stefnunni eru skilgreind fimm stig og sérstakar heimildir til að mæta fáliðun. Fáliðun telst þegar barngildi á kennara fer yfir 10,9 og skal yfirvöldum tilkynnt ef sérstakar heimildir vakna eins og fjármagn og/eða lokun á deildum.

Meginmarkmið er að allir í húsinu aðstoði þar sem þarf og allir gangi í þau störf sem mikilvægast er að manna. Með daglegum útreikningum á barngildum má sjá raunstöðu í skólanum og tekur stjórnendateymi skólans ákvarðanir um aðgerðir miðað við starfsgildi á mótum barngildum.

Á síðasta skólaári var viðvera í skólanum góð eins og sést á töflunni hér að neðan sem skýrir aðgerðir.

STIG	AÐGERÐ	FJÖLDI DAGA
1	<b>YFIRMÖNNUN:</b> Fjöldi kennara yfir barngildisviðmiðum. Fjöldi barna undir 7.4 barngildum á hvern kennara.	72
2	<b>JAFNVÆGI:</b> Fjöldi kennara og barna í jafnvægi samkvæmt barngildisviðmiðum, um 7.4 – 8.4 barngildi á hvern kennara.	108
3	<b>GRÆNT:</b> Fjöldi kennara og barna undir barngildisviðmiðum, um 8.4 – 10.6 barngildi á kennara. Stjórnendur leysa málið innan húss með því t.d. að nýta stuðningsfulltrúa.	23
4	<b>GULT:</b> Fjöldi kennara og barna undir barngildisviðmiðum, 10.6 – 13.4 börn á kennara. Sérstakar yfirvinnu heimildir vakna, tilkynnt til leikskólafulltrúa.	0
5	<b>RAUTT:</b> Fjöldi kennara og barna langt undir barngildisviðmiðum. Heimildir vakna til að skerða vistunartíma barna og/eða loka deildum. Tilkynnt til leikskólafulltrúa.	0

## Skóladagatal

Í skóladagatali 2023-2024 má sjá viðburði, fundi, skipulagsdaga og annað sem er á áætlun í skólstarfinu.

Skóladagatal má nálgast [HÉR](#)

## Starfspróun

Starfspróun er framkvæmd á skipulagsdögum og fundum fyrir alla starfsmenn tengt stefnu skólans og gekk hún eftir að mestu leiti en ekki náðist að fá PMTO námskeið hjá skólaskrifstofu sem eru mjög mikilvæg fyrir starfið og vonumst við til að úr verði bætt á þessu skólaári. Starfspróun er beintengd við markmið í Stefnu- og skorkortum skólans með það að markmiði að gera starfsfólk betur meðvitað um stefnu skólans og gerir okkur betur kleift að viðhalda henni.

ÁÆTLUN 2023 – 2024				
HÓPUR	STEFNU-ÞÁTTUR	MARKMIÐ	VERKEFNI	ÁBYRGÐ
Allir	Metnaðarfullt námsumhverfi	Viðhalda markmiðum og leiðum í starfi skólans og stuðla að lærdómssamfélagi  Að skapa lærdómsríkt námsumhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að eiga samskipti, rannsaka og læra upp á eigin spýtur með leiðbeiningu kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>Teymi kynna markmið og leiðir í upphafi og lok skólaárs</li> <li>Lærdómssamfélagið Grindavík</li> <li>Fyrirlestur um námsumhverfi í leikskóla</li> <li>Aldurskipta deildum enn frekar</li> <li>Farsæld barna – stuðningur við upplýsingagæðni foreldra</li> <li>Endurmat á skólanámskrá</li> </ul>	Teymisstjórar Stjórnendateymi Skólaskrifstofa
Allir	Sjálfsörugg og glöð börn	Jákvæð og uppbyggjandi samskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fræðsla um starfsaðferðir í samskiptastefnu skólans</li> <li>Aðlögun barna</li> <li>Snerting sem agastjórnun</li> <li>Farsæld barna – stuðningur við upplýsingagæðni foreldra</li> </ul>	RogU teymi Jafnréttis- og lýðræðisteymi
Allir	Ánægðir foreldrar	Jákvætt og uppbyggjandi samstarf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða og skrá upplýsingaleiðir skólans og upplýsa foreldra um okkar leiðir</li> <li>Fara yfir leiðir okkar til að viðhalda góðum samskiptum</li> <li>Farsæld barna – stuðningur við upplýsingagæðni foreldra</li> </ul>	Foreldra- og upplýsingat. Stjórnendateymi
Allir	Heilsueflandi samfélag	Auka gleði og vellíðan með áherslu á andlega og líkamlega heilsu í leikskólasamfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fræðsla um heilsueflingu barna</li> <li>Fræðsla um mikilvægi svefn barna</li> <li>Fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi heilsueflingar í lífi og starfi</li> </ul>	Heilsueflingarteymi Skólastjóri
Allir	Jákvæð og uppbyggjandi samskipti	Skapa jákvæða skólamenningu sem einkennist af gleði, trausti og umhyggju	<ul style="list-style-type: none"> <li>Námskeið um samskiptaleiðir RogU</li> </ul>	Rósemd og umhyggjut. Stjórnendateymi
Allir	Leikur og nám	Stuðla að frjálsum leik og sköpun sem leið í námi og þroska	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leikskólaheimsóknir</li> <li>Fræðsla um möguleika náms- og leikefni skólans</li> </ul>	Málræktarteymi Sköpunarteymi Stjórnunarteymi
Allir	Umhverfis-mennt	Stuðla að því að börnin læri að njóta og virða náttúruna	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fræðsla um Unni umhverfisunga</li> <li>Fræðsla um markmið og leiðir Grænfanans</li> </ul>	Umhverfisteymi
Allir	Mannauður	Efla jákvæð samskipti, samstarf og styrkleika starfsfólks Bæta starfsaðstæður til að laða að vel menntað og hæft starfsfólk og kennara Styrkja starfsfólk í að bæta eigin heilsu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lærdómssamfélags verkefnið</li> <li>Verkefnið „Vinnustaðurinn okkar“</li> <li>Fyrirlestur: „Að fá meira út úr fríinu“</li> <li>Vinna áfram með bætta starfaðstæður</li> </ul>	Skólastjóri Stjórnendateymi Skólaflýrvöld
2 – 3 kennarar	PMTO	Að efla þekkingu á aðferðum PMTO í að bæta hegðun og samskipti barna og efla foreldra í hlutverki sínu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>PMTO gunnnámskeið fyrir kennara</li> <li>Upprifjun fyrir þá sem þegar hafa farið á grunnnámskeið</li> </ul>	Stjórnendateymi Skólaskrifstofa

# Áherslur og markmið

## Endurmat frá síðasta skólaári

Aðaláherslan var á að finna aftur réttan takt í dagsins önn eftir Covid-19 og náttúruhamfarir síðustu ára. Aðalverkefni skólaársins voru endurmat á skólanámskrá, kynning og aðlögun að nýju Farsældarlögunum, vinna áfram að verkefninu Lærdómssamfélagið Grindavík ásamt öðrum minni verkefnum.

Starfsþróunaráætlun gekk að mestu eftir sem er mikilvægur þáttur til að viðhalda starfsánægju, stefnu skólans og að efla þróun og nýbreytni í skólastarfinu. Góður gangur var í þróunarverkefninu Lærdómssamfélagið Grindavík með þátttöku allara í skólasamfélaginu og erum við að fá mörg „verkfæri“ til að vinna með starfsmannahópnum að ýmsum málum. Við tókum þátt í tveimur samstarfsverkefnum á vegum ERASMUS+ og síðan var boðið upp á ýmsa fyrirlestra og námskeið til að styrkja kennara.

Vegna aðstæðna sem sköpuðust í starfsmannahópnum eftir áramót var ákveðið að fresta námskrárvinnu og leggja áherslu á að vinna með samskiptasáttmála, endurskipulagningu á vinnustyttingu ásamt fleiri umbótaverkefnum. Verkefnið *Vinnustaðurinn okkar* var sett á laggirnar með það að markmiði að bæta vinnuumhverfi og starfshætti til að auka velferð og vellíðan í dagsins önn. Námsferð sem fara átti erlendis breyttist í ferð innanlands sem gekk mjög vel.

13 teymi störfuðu við skólann þar sem formenn teyma stjórna verkefnaáætlunum með aðkomu allra starfsmanna skólans. Teymin halda utan um ýmis náms- og leikverkefni, ákveðna þætti í umbótaáætlun, koma með hugmyndir að nýjungum og marka sér framtíðarsýn. Teymin kynntu markmið og náms- og leikefni í upphafi vetrar og kynntu framgang verkefna. Vinna í teymunum er mjög góð til að viðhalda stefnu skólans, þróa og viðhalda skólastarfinu og framkvæma það metnaðarfulla starf sem unnið er að hverju sinni. Við sjáum einnig að þróunarverkefnið Lærdómssamfélagið Grindavík er mikilvægur liður í að þróa teymisvinnuna okkar áfram því í verkefninu erum við að fá góða þjálfun í að vinna í teymum.

Verkefnið um bættar starfsaðstæður í leikskólunum sem unnið hefur verið að síðustu ár hefur haft góð áhrif inn í starfsmannahópinn enda hefur stjórnendateymið verið duglegt við að minna á það sem hefur áunnist. Þrátt fyrir það ber enn töluvert í milli til að jafna starfsaðstæður á milli skólastiga sem veldur því að kennarar velja frekar að starfa á grunnskólastiginu. Við lítum svo á að um sé að ræða samstarfsverkefni foreldra, stjórnenda og starfsmanna leikskólanna og skólayfirvalda. Því auðvitað viljum við hafa vel menntað og hæft starfsfólk og kennara til að sjá um uppeldi og menntun yngstu barnanna í samfélaginu okkar. Barna sem dvelja stærstan hluta vökutíma síns og mikilvægustu mótunarár ævi sinnar í leikskólanum. Líðan þeirra skal ávallt vera í fyrirrúmi í nútíð og framtíð.

## Áherslur næsta skólaárs

Starfsáætlun næsta skólaárs mun einkennast eins og oft áður af því að horfa inn á við, bæta það starf sem þarf samkvæmt niðurstöðum úr mati síðasta árs og þróa áfram það sem vel gengur. Teymi skólans munu framkvæma og halda utan um umbóta-, þróunar- og nýbreytniverkefni og skipuleggja námskeið og/eða fyrirlestra um einstök málefni. Tvö stór þróunarverkefni eru á áætlun þetta árið ásamt nokkrum minni sem annað hvort eru ný eða framhaldsverkefni. Unnið verður að því að endurmeta skólanámskrá með öllum starfsmannahópnum og ráðgert að gefa nýja útgáfu út fyrir næsta skólaár og haldið verður áfram með verkefnið um bættar starfsaðstæður í leikskólum Grindavíkurbæjar. Farið verður í námsferð erlendis þar sem unnið verður með hópefli og farið í skólaheimsóknir.

Þróunar- og nýbreytniverkefni 2023 – 2024		
HEITI VERKEFNIS	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
Lærdómssamfélagið Grindavík	Innleiða Lærdómssamfélag í skólasamfélagið með áherslu á faglega teymisvinnu þar sem byggt er upp traust og virðing	Skólaskrifstofa MSHA
Farsæld barna - stuðningur við uppeldisfærni foreldra	Þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra um uppeldi barna í samstarfi við leik- og grunnskóla og skólaþjónustu sveitarfélaga, sem endurspeglar réttindi barna og foreldra í farsældarlögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna	Háskóli Íslands Háskólinn Akureyri
Vinnustaðurinn okkar	Að vinna að bættu vinnuumhverfi og starfháttum til að auka velferð og vellíðan í dagsins önn	Stjórnendateymi
Breytingar á deildarskipulagi	Að bæta einni deild við í aldurskiptingu og til að koma betur til móts við þarfir barnanna og skapa betri aðstæður til skipuleggja „betri vinnutíma“	Stjórnendateymi
Skólanámskrá	Endurmeta skólanámskrá og aðlaga að þróunar- og nýbreytniverkefnum sem unnið hefur verið að í árunna rás	Stjórnendateymi

## Mat á skólastarfi og umbótaáætlun

### Innra mat

Markmið innra mats er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum og skólaþróun til að auka gæði og velferð í uppeldi og menntun barnanna. Áherslan er einnig á að efla starfsþróun, fagmennsku og velferð kennara og annarra starfsmanna. Í mati verða til mikilvægar upplýsingar sem nýtast í daglegu starfi ásamt því að vera til upplýsingagjafar til yfirvalda, hagsmuna- og rekstraraðila skólans. Innra mat skólans er unnið út frá bæklingi Menntamálaráðuneytisins, *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla (2016)* og er búið að aðlaga hann að öllum matsþáttum skólans. Skólinn hefur sett sér matsáætlun til ársins 2025 þar sem viðfangsefnum er skipt niður til að byggja upp stíganda í gæðamati skólans. Áætlunina má sjá í þessum kafla ásamt viðfangsefnum innra mats þessa skólaárs og þeim matstækjum sem skólinn notar. Við skólann

starfar matsteymi sem stjórnar og heldur utan um innra matið með fjölbreyttri gagnaöflun, les úr niðurstöðum, greinir styrkleika/tækifæri og leggur fram áætlun um úrbætur.

## Niðurstöður innra mats 2022 - 2023

MATSPÁTTUR	FRAMKVÆMD	VIÐMIÐ	HELSTU NIÐURSTÖÐUR
<b>HLJÓM-2 ATHUGUN Á HLJÓÐ- OG MÁLVITUND BARNNA</b> Að leita eftir hvort barn sé í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika	<b>BÖRN – SEPTEMBER/OKTÓBER/JANÚAR:</b> Lagt er Hljóm-2 próf fyrir börn fædd 2017 (ákvörðun skólaskrifstofu vor 2019 að öll börn sem eru búin að vera 6 mánuði eða lengur í íslensku málumhverfi fari í athugun)	Í handbók Hljóm-2 kemur fram í <i>Fundnar niðurstöður</i> að börn með mjög slaka færni eru 10%, með slaka færni 15%, með meðalfærni 50% og góða færni 25%. Markmið Grindavíkurbæjar er að eftir seinni mælingu (í janúar) hafi 85% barna náð meðal eða góðri færni.	Niðurstaðan í janúar 2023 er að 3,5% barna komu út með mjög slaka færni, 3,5% með slaka færni, 68% með meðalfærni og 25% með góða færni.
<b>EFI-2 MÁLPROSKASKIMUN</b> Að finna börn með frávik í málproska til að grípa inn í með markvissa aðstoð.	<b>BÖRN – HAUSTÖNN/VORÖNN:</b> Börn fædd 2019 fara í EFI-2 málproskaskimun. Öll börn sem eru búin að vera 6 mánuði eða lengur í íslensku málumhverfi fari í skimun. Ákvörðun vor 2020 að telja alltaf fyrra prófið (þó sum fari aftur í próf eftir íhlutun)	Í handbók EFI-2 eru gefin upp viðmið um getu barna í málproska þannig að börn með mjög slaka getu eru 12,5%, með slaka getu 12,5%, með meðalgetu 50% og góða getu 25%	Prófið er tvískipt, annars vegar skilningur og hins vegar tjáning (3 börn fóru ekki) Skilningur: Mjög slök geta 14%, slök geta 14%, meðalgeta 54% og góð geta 18%. Tjáning: Mjög slök geta 14%, slök geta 18%, meðalgeta 41% og góð geta 27%.
<b>LÍÐAN KÖNNUN BARNNA</b> Að leita eftir líðan barnanna á ákveðnum svæðum	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Tveir elstu árgangar svöruðu spurningakönnun með myndum og voru spurð áfram ef þeim leið illa og svörin þeirra skráð	Settum okkur viðmið um að á öllum svæðum í heild myndi 90% barna líða vel eða allt í lagi	Niðurstaðan er að 95,15% barna líður vel eða allt í lagi.
<b>LÍÐAN KÖNNUN BARNNA</b> Að leita eftir líðan barnanna almennt	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Tveir elstu árgangar svöruðu spurningakönnun með myndum og voru spurð áfram ef þeim leið illa og svörin þeirra skráð	Settum okkur viðmið um að 90% barna líði vel eða allt í lagi í leikskólanum	Niðurstaðan er að 98,2% barna líður vel eða allt í lagi.
<b>NOTKUN VERKFÆRA Í RogU.</b> Athuga hvort börn þekki og/eða nýti leiðir eða „verkfæri“ til að róa sig	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Spurningakönnun með myndum fyrir börn (öll börn eru spurð en tvítyngd börn og börn með greind þroskafrávik eru ekki talin með í niðurstöðunum)	Að börnin nefndu í svörum sínum einhverja af leiðum RogU til að róa sig, viðmið 90%	94% barna nefndu einhverja leið til að róa sig.
<b>TENGLAKÖNNUN BARNNA</b> Að athuga hvort börnin hafi myndað vinatengsl við önnur börn	<b>BÖRN – OKTÓBER OG MARS:</b> Kennarar á eldri deildum spyrja börnin á deildinni sinni hverjir vinir þeirra eru. Haft er dagsform og aðstæður í huga.	Að öll börn séu nefnd þannig að allir tengist einhverjum	Haust '22: Öll börn voru nefnd nema 1. Vor '23: Öll börn voru nefnd.
<b>ENDURMAT Á STARFSÁÆTLUN</b> Að meta verkefni sem sett eru fram í starfsáætlun	<b>FORMENN TEYMA – SEPTEMBER OG MAÍ:</b> Formenn teyma fóru yfir verkefnaáætlun og skráðu framgang verkefna	Hafa verkefni staðist áætlun	Sjá í kaflanum Framkvæmd starfsáætlunar

## Viðfangsefni innra mats 2023 – 2024

MATSPÁTTUR	VIÐFANGSEFNI	MATSTÆKI
<b>STJÓRNUN</b>	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> </ul>
	Faglegt samstarf	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> <li>▪ Starfsmannasamtöl</li> </ul>
	Skólaþróun og símenntun	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Starfsmannasamtöl</li> </ul>
	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Starfsáætlun</li> <li>▪ Fundir stjórnendateymis</li> <li>▪ Fagfundir</li> </ul>
<b>UPPELDI- OG MENNTUN</b>	Skipulag náms og námsaðstæður	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Líðan könnun barna</li> <li>▪ Notkun verkfæra RogU - barnakönnun</li> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> </ul>
	Uppeldi, menntun og starfshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn – foreldrar</li> <li>▪ <b>Umhverfisgátlisti</b></li> </ul>
	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ <b>Gátlisti um jafnréttismál</b></li> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> </ul>
	Námssvið leikskólans	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn – foreldrar</li> <li>▪ <b>Umhverfisgátlisti</b></li> </ul>
	Leikskóli án aðgreiningar	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> </ul>
	Mat á námi og velferð barna	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> <li>▪ Heilsubók barnsins</li> <li>▪ Hjóm-2</li> <li>▪ EFI-2</li> <li>▪ Orðaskil</li> <li>▪ Tras</li> </ul>
<b>MANN- AUFUR</b>	Hlutverk leikskólakennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Starfsmannasamtöl</li> </ul>
	Fagmennska starfsfólks	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> <li>▪ Starfsmannasamtöl</li> </ul>
	Starfsánægja	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Starfsmannasamtöl</li> </ul>
<b>SKÓLAMENNING</b>	Viðmót og menning	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skólapúlsinn - foreldrar</li> </ul>
	Velferð og líðan barna	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Líðan könnun barna</li> <li>• Tengslakönnun barna</li> <li>▪ Heilsubók barnsins</li> <li>• Foreldrasamtöl</li> <li>• Skólapúlsinn foreldrar</li> </ul>
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólapúlsinn foreldrar</li> <li>• Foreldrasamtöl</li> </ul>
	Viðhorf foreldra	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólapúlsinn foreldrar</li> <li>• Foreldrasamtöl</li> </ul>

## Ytra mat

Markmið ytra mats er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla og foreldra. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólapróunar.

Ytra mat að þessu sinni var gert meðal starfsmanna og framkvæmdi Skólapúlsinn könnunina og les matsteymi úr niðurstöðum, greinir styrkleika/tækifæri og leggur fram áætlun um úrbætur.

### Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins 2023

MATSPÁTTUR	STYRKLEIKAR	TÆKIFÆRI
Starfið og starfsmenn	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningur um hlutverk og jákvæðar áskoranir í starfi</li> <li>leikni í starfi, skuldbinding til vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs, starfsmannaviðtöl undanfarið ár, gagnsemi starfsmannaviðtals</li> </ul>	
Vinnustaðurinn og stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> <li>starfsandi, ánægja með vinnuástandi, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, lítil mismunun, ekkert einelti né kynferðisleg áreitni</li> <li>stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta næsta yfirmanns, valdeflandi forysta næsta yfirmanns</li> </ul>	
Uppeldi og menntun	<ul style="list-style-type: none"> <li>trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, trú á eigin getu við daglegt skipulag, samstarf í leikskólanum, virkni foreldra í leikskólastarfinu, aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans, ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir, upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>virkar samræður um starfið (hugmyndafræði og stefnu skólans, Grunnþætti aðalnámskrár, starfshætti og aðferðir í vinnu með börnum, félagsfærni barna og leiðir til að efla hana, hvernig börn læra, samskipti starfsfólks og barna, hlutverk hvers starfsmanns, stjórnun og forystu, annað sem snýr að starfinu, mál sem varða börn með sérþarfir).</li> </ul>
Símenntun og undirbúnings-tími	<ul style="list-style-type: none"> <li>hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningsstíma, hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúning, þátttaka í þróunarstarfi, starfsþróunarsamtal á síðastliðnum 12 mánuðum, símenntunþörf starfsfólks, hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>hindranir í símenntun starfsfólks eru ýmsar en við getum lítil áhrif haft á t.d. of dýr námskeið, fjölskylduástandur, ekki í boði áhugaverðir kostir eða að fólk uppfyllir ekki skilyrði. Fólk finnst líka það hafa lítið svigrúm vegna vinnutíma en samt að það fái stuðning frá stjórnendum svo þar þarf að taka umræðu um þetta svigrúm.</li> </ul>



## Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins 2023

MATSÞÁTTUR	STYRKLEIKAR	TÆKIFÆRI
Opnar spurningar	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Frábært samstarf milli eldri deilda, stytting vinnuvikunnar, samstarfsfólkið, metin að verðleikum í vinnunni, samheldni, meðnaður, góðir stjórnendur, heilsusamlegur vinnustaður, gott skipulag, í endalausri starfsþróun, faglegur, jákvæður, notalegur, viðverustefnan og hvatningakerfið frábært, jólaglaðningurinn flottur, umhyggja og góðvild til barnanna, börnin, virðing fyrir samstarfsfólki, börnunum og foreldrum</li> <li>▪ Það sem starfsfólk leggur af mörkum til að efla vinnustaðinn, fólk aðstoðar með önnur verkefni en sín eigin ef með þarf, góð og jákvæð samskipti, upplýsa, styðja aðra, hrósa, mæta vel, glaðlyndi, hlusta á aðra, hugsa í lausnum, traust, skilningur, skipulag, ræða hlutina strax, virkni í félagslífinu og í umræðu um þróun starfsins</li> <li>▪ Það sem starfsfólk leggur af mörkum til að efla jákvæð samskipti, hrós, jafnræði, allir fá að nýta styrkleika sína, brosmildi, jákvæðni, traust, að hlusta, lausnamiðun, að ræða málin, sýna virðingu og umhyggju, veita styrk, tala vel um samstarfsfólk</li> </ul>	<p><i>Varðandi líðan í starfi og hvað gæti helst bætt líðan er nefnt:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Of fáir starfsmenn með of mörg börn á deild, fá afleysingu fyrir vinnustyttingu, huga betur að starfsanda, samvera með starfsmannahópnum, vera jákvæð og gera hlutina þannig að öllum líður vel, bæta samskipti, starfsfólk treysti fólki til að vinna vinnuna sína og skila sínu; tala saman og sýna traust, halda áfram að bæta starfsaðstæður, fundir byrji fyrir svo þeir klárast á vinnutíma, gera ráð fyrir kennurum í rými, slaka á þóttum; það er aðeins of mikið af verkefnum í gangi</li> <li>▪ Hafa samskipti eins jákvæð og hægt er, að upplýsa eins og hægt er; vikulegir tölvupóstar um starf deildarinnar, traust milli starfsfólks, að fá meiri upplýsingar frá foreldrum hvað varðar mætingu, veikindi ofl.</li> <li>▪ Meiri sveigjanleiki að fara frá deild á námskeið, að sækja námskeið á þeim sviðum sem fólk þarf að fá meiri þekkingu og áhugaverðari námskeið</li> <li>▪ Fá hærri íþrótt- og fatastyrk, meira rými fyrir starfsfólk og börn, færri börn á hvern starfsmann, frí í dymbilvikunni og bjóða foreldrum afslátt, meira úrval af mat, gefa betra tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatökum þegar verið er að breyta miklu, fleiri leikskólaheimsóknir, passa að allir fá sömu skilaboð, útskýra og eiga samtalið, horfa á gólfíð og hvernig staðan er þar frekar en tölur á blaði</li> </ul>
Auka-spurningar	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Gott fyrirkomulag vinnustyttingar, aukinn frítími, meiri starfánægja, er orkumeira, slakar meira, getur sinnt erindum, meiri fjölskyldutími og þarf minna frí</li> <li>▪ Haldið vel utan um skipulag vinnustyttingar</li> <li>▪ Góð þekking á verkefnum Heilsueflandi leikskóli og Heilsufarsáætlun Skóla ehf.</li> <li>▪ Fólk er að stuðla að eigin heilsu með hreyfingu, hollri næringu, drekkur vatn, gætir að svefni, hugar að andlegri heilsu, gætir svigrúms til samveru með fjölskyldu</li> <li>▪ Fólk nefnir ýmsa þætti varðandi eigin heilsueflingu eins og borða hollan mat, hreyfa sig daglega, hvetja börnin til að borða hollan mat og hreyfa sig, taka þátt í hreyfiátökum með starfsmannahópnum, gefa góð ráð, ganga til og frá vinnu á hverjum degi, nota jákvæða orðræðu, núvitund, svefn, smakka allan mat og hvetja börnin til að smakka, drekka vatn fyrir framan börnin á daginn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Varðandi vinnustyttingu nefnir fólk að allir í húsinu þurfi að hjálpast að, gott að taka alla í viðtal um styttinguna, hafa styttinguna alltaf eftir hádegi</li> <li>▪ Varðandi hversu vel starfsfólk þekkir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur þá er hluti starfsfólks sem þekkir hana mjög eða frekar illa</li> </ul>

## Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024

Umbótaáætlun sýnir þá þætti sem þurfa að fara í umbótarferli eftir mat og kannanir og skiptir matsteymi umbótaþáttum niður á teymi sem hafa með málaflokkinn að gera. Lögð er áhersla á að í matsferlinu fari fram öflug fagleg samræða og ígrundun.

Verkþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl.	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Vor 2023 Uppeldi og menntun	Starfsfólk taki virkari þátt í samræðum um starfið	Skipuleggja umræður á skipulagsdögum um stefnu skólans og starfshætti. Nýta lærdómssamfélags verkefnið til þess.	Skólaárið 2023-2025	Stjórnunarteymi	Apríl 2025 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali
Vor 2023 Símenntun og undirbúningstími	Starfsmenn hafi svigrúm til að sækja námskeið	Ræða við fólk á fyrsta skipulagsdegi/starfsmannafundi haustsins hvernig skipulag er varðandi það að vilja fara á námskeið tengt starfinu. Skoða niðurstöður kennarakönnunar Skólapúlsins vor 2025.	Skólaárið 2023-2025	Stjórnunarteymi	Apríl 2025 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera undir landsmeðaltali
Vor 2022 Upplýsingamiðlun	Að foreldrar séu upplýstir um viðfangsefni sem unnin eru á deildinni	Upplýsa foreldra um viðfangsefni deilda á foreldrafundi að hausti. Skoða niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2024.	Skólaárið 2022-2024	Stjórnunarteymi	Apríl 2024 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali
Vor 2022 foreldrar Upplýsingamiðlun	Að foreldrar fái að heyra þegar barninu þeirra gengur vel	Kynna vel á foreldrafundi að hausti okkar leiðir í upplýsingamiðlun og að fara yfir leiðirnar okkar með kennurum og athuga hvort vilji er til að bæta þar í eins og td. að nýta Karellen betur í miðlun á viðfangsefnum í daglegu starfi. Skoða niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2024.	Skólaárið 2022-2024	Stjórnunarteymi	Apríl 2024 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali
Vor 2022 Hvatning til þátttöku	Að foreldrar séu hvattir til að taka þátt í starfinu	Hvetja foreldra til að mæta á viðburði tengda skólastarfinu með ýmsum leiðum, auglýsingar í fataklefa, taka myndir á Karellen og senda heim og senda tölvupóst heim þegar það á við. Skoða niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2024.	Skólaárið 2022-2024	Stjórnunarteymi	Apríl 2024 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali
Vor 2020 Leikskólabyrjun	Upplýsa foreldra um að barnið fái sérstakan lykilaðila í aðlögunar ferlinu. Passa upp á að kennarar noti hugtakið lykilaðili.	Í aðlögun nýrra barna gæta þess að nota hugtakið „lykilaðili“ eða að ræða við foreldra að barnið fái lykilstarfsmann sem verður helsti tengiliður þess og foreldra í aðlögun. Skoða niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2024.	Skólaárið 2022-2024	Stjórnunarteymi	Apríl 2024 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali
Vor 2022 Flutningur milli skólastiga	Að foreldrar fái að vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi milli skólastiga	Kynna skipulag færslu milli skólastiga á haustfundi og segja foreldrum þar að þeir verði boðaðir á fund um vorið til að fara betur yfir flutning milli skólastiga. Skoða niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins vor 2024.	Skólaárið 2022-2024	Stjórnunarteymi	Apríl 2024 Stjórnunarteymi skilar endurmati	Vera yfir landsmeðaltali

## Matsáætlun 2021-2025

Matspáttur	Matstæki þátttakendur	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
<b>Stjórnun</b>					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
Faglegt samstarf	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Starfsmannasamtöl	x	x	x	x
Skólapróun og símenntun	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
	- Starfsmannasamtöl	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	- Ársskýrsla	x	x	x	x
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>					
Skipulag náms og námsaðstæður	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
	- Líðan könnun	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Gátlisti heilsustefnunnar				x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Gátlisti um jafnréttismál		x		
	- Gátlisti heilsustefnunnar				x
	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
Námssvið leikskólans	- Gátlisti heilsustefnunnar				x
	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	
	- Skólapúlsinn kennarar		x		x
Skóli án aðgreiningar	- Skólapúlsinn foreldrar	x		x	

	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
Mat á námi og velferð barna	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
	- Heilsubókin	X	X	X	X
	- Hljóm-2, EFI-2, TRAS	X	X	X	X
	- Gátlisti heilsustefnunnar				X
<b>Mannauður</b>					
Hlutverk leikskólakennara	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
	- Starfsmannasamtöl	X	X	X	X
Fagmennska starfsfólks	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
	- Starfsmannasamtöl	X	X	X	X
Starfsánægja	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
	- Starfsmannasamtöl	X	X	X	X
<b>Leikskólabragur</b>					
Viðmót og menning	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Skólapúlsinn kennarar		X		X
Velferð og líðan barna	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Líðan könnun	X	X	X	X
	- Tengslakönnun	X	X	X	X
	- Heilsubókin	X	X	X	X
	- Foreldrasamtöl	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Foreldrasamtöl	X	X	X	X
Viðhorf foreldra	- Skólapúlsinn foreldrar	X		X	
	- Foreldrasamtöl	X	X	X	X
<b>Innra mat</b>					
Framkvæmd	- Skipulag umbótaáætlunar - Verkefnaáætlun				
Gagnaöflun og vinnubrögð	- Gátlistar, samtöl, kannanir				
Opinber birting og umbætur	- Starfsáætlun (inniheldur umbótaáætlun)				

## Foreldrasamvinna

Markmið skólans er að stuðla að jákvæðum og upplýsandi samskiptum við foreldra ásamt því að hvetja þá til virks samstarfs og þátttöku í starfinu. Lögð er áhersla á að leggja strax í upphafi góðan grunn að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem öryggi, vellíðan og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi.

Nýjum foreldrum er boðið á kynningarfund, þar sem stefna og starfshættir skólans er kynnt í máli og myndum og síðar á einkafund með deildarstjóra. Tvö foreldraviðtöl eru á skólaárinu, annað valkvætt þar sem farið er yfir líðan, nám og þroska barnsins. Foreldrafundur er að hausti og ýmsir aðrir viðburðir þar sem foreldrum er boðið að taka þátt. Kosið er í stjórn foreldrafélags og foreldraráð á haustfundi. Lesa má um skipan og hlutverk á heimasíðu.

Upplýsingaflæði fer fram í gegnum dagleg samskipti og Karellen smáforritið þar sem fara fram samskipti um hagi barnsins, ýmsir viðburðir auglýstir og sendar myndir af börnum í leik og starfi. Foreldrum er einnig bent á að nýta sér heimasíðu skólans, upplýsingatöflu í forstofu, sendur er tölvupóstur og svo er skólinn með fésbókarsíðu þar sem settar eru inn fréttir af heimasíðu og annar fróðleikur til gagns og gamans.

### Helstu áherslur og markmið í foreldrasamstarfi

Í skólanum er lögð rík áhersla á að viðhafa jákvæð samskipti með virku samstarfi og upplýsingaflæði og stuðla þannig að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem vellíðan og velferð barnsins eru höfð að leiðarljósi.

### Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrjú meðlimir í stjórn foreldrafélagsins og er markmiðið að reyna að nýta ráðið betur en hefur verið gert.

## Samstarf leik- og grunnskóla Brúum bilið

Áralöng hefð er fyrir samstarfi leik- og grunnskóla sem byggist á samstarfi kennara, gagnkvæmum heimsóknnum á milli skólastiga og skila- og skipulagsfundum þar sem farið er yfir upplýsingar um einstaka börn samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, 16 grein. Skipulag er sem hér segir:

**Skilafundur 1.** Að vori boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar vegna barna sem eru að hefja skólagöngu. Á fundinn eru boðaðir deildarstjórar elsta árgangs leikskóla, fulltrúi skólaskrifstofu og deildarstjóri á yngsta stigi. Á þessum fundi er blaðinu “Skólaskil frá leikskóla til grunnskóla” komið til skila ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum um einstaklinga. Nú í ár var höfð breyting á þessum lið þar sem skilafundurinn fór fram í ágúst þegar kennarar barnanna sem eru að hefja skólagöngu í grunnskólanum eru komnir til starfa og gátu setið fundinn auk kennara sem sjá um sérkennslu.

**Skilafundur 2.** Í maí boðar fulltrúi skólaskrifstofu til skilafundar. Á fundinn mæta umsjónarkennari barnsins, deildarstjóri yngsta stigs, fulltrúi skólaskrifstofu, deildarstjóri sérkennslu í grunnskóla, sérkennslustjórar leikskóla og deildarstjóri viðkomandi deildar leikskólanna. Fundurinn er fyrst og fremst til að fara yfir mál þeirra einstaklinga sem verið hafa með stuðning/íhlutun og þurfa á áframhaldandi stuðningi/ íhlutun að halda.

**Skipulagsfundur.** Eftir miðjan ágúst, áður en kennsla í grunnskólanum hefst, boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar með verkefnastjórum elstu árganga leikskólanna. Þar eru teknar ákvarðanir um hvernig samstarfi vetrarins verði háttað og skipulag varðandi það sett niður.

**Skilafundur 3.** Að hausti í lok september boðar deildarstjóri yngsta stigs til fundar með umsjónarkennurum 1. bekkja, deildarstjóra yngsta stigs og deildarstjórum elsta árgangs leikskólanna. Á þessum fundi gefst kennurum í 1. bekk tækifæri á að fá upplýsingar um þau börn sem þeir eru að kenna.

## Sérkennsla

Sérkennslustjóri sér um stjórnun sérkennslu við skólann ásamt þjálfun barna með minniháttar þroskafrávik og tvítyngd börn í 3. – 5. flokki. Í ágúst 2023 fá 29 börn sérkennslu í 3. – 5. flokki og getur þessi hópur stækkað eftir Hljóm-2 próf og aðrar skimanir sem gerðar eru að hausti. Sjö börn fá sérkennslu samkvæmt 1. og 2. flokki. Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stuðningsins á sinni deild og gerir einstaklingsnámskrár í samráði við sérkennslustjóra og fylgir þeim eftir.

Ef grunur leikur á þroskafrávikum geta kennarar og foreldrar óskað eftir greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Foreldrar tvítyngdra barna geta fengið túlkapjónustu í öllum viðtölum sem haldin eru í skólanum. Reglulegir fundir eru haldnir með starfsfólki skóla- og félagsþjónustu þar sem fram fer fræðsla, forvarnir, ráðgjöf og eftirfylgni.

### Hljóm-2

Lagt er Hljóm-2 próf Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna fyrir elstu börn leikskólans sem eru búin að vera 6 mánuði eða lengur í íslensku málumhverfi. Sjá má í niðurstöðum innra mats tölur frá Hljóm-2 niðurstöðum eftir seinni skimun í janúar.

### EFI-2

Öll börn sem eru 3;3 ára og eru búin að vera 6 mánuði eða lengur í íslensku málumhverfi fara í EFI-2 málþroskaskimun. Þau börn sem koma slök út fara aftur í próf eftir 6 mánuði eftir íhlutun heima og í leikskólanum. Í niðurstöðum innra mats má sjá samantekt á fyrri fyrirlögn.

### Orðaskil

Foreldrar allra nýrra barna sem eru 22 mánaða til 3 ára og með íslensku sem móðurmál svara Orðaskil málþroskaprófi. Foreldrar barna sem eru með slakan málþroska fá ráðleggingar heim og vinna leikskóli og heimili saman að því að bæta málþroska.

## Lokaorð

Á þessu skólaári verður haldið áfram með að bæta náms- og starfsaðstæður barna og starfsfólks með það að markmiði að skapa öruggt, umhyggjusamt og lærdómsríkt umhverfi þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Í þeirri vinnu verður horft á umhverfið út frá fjölbreyttum aðstæðum s.s. langri viðveru barna, rými til leiks og náms ásamt starfsaðstæðum og vinnuumhverfi starfsfólks. Góð viðvera og samstaða starfsmannahópsins skiptir miklu máli í að viðhalda vellíðan barna og starfsfólks sem lið í að viðhalda góðri skólamenningu og verður áfram lögð áhersla á þennan þátt. Unnið verður að því að styrkja okkur sem einstaklinga og hluta af hópi með það að markmiði að efla sjálfstraust, samvinnu, jákvæðni og stuðla þannig að betri heilsu og léttari lund til hagsbóta fyrr skólasamfélagið í heild. Það þarf heilt þorp til að ala upp og mennta barn og í okkar tilfelli er þorpið allt starfsfólk skólans, foreldrar og skólayfirvöld og saman ber okkur að vanda vel til verka í góðri sátt og samvinnu.

Okkar mottó er að velja okkur það viðhorf í starfi að jákvæðni, gleði og kærleikur ráði alltaf ferðinni í leik og starfi því það er raunveruleg fagmennska.

